

Nr. 013 / 11 Helga RE 49**Rekst á bryggju og leki um borð**

Skipaskr.nr. 2749 IMO.nr. 9395915
Smíðaður: Kaohsiung Tævan 2009 stál
Stærð: brl. 362,1 bt.
Mesta lengd: 28,89 m Skráð lengd: 26,12 m
Breidd: 9,2 m Dýpt: 6,04 m
Vél: M.A.K. 442 kW, 2007
Fjöldi skipverja: 11



Helga ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 11. febrúar 2011 var Helga RE 49 að fara frá bryggju í Helguvík. Veður SA 15 m/sek, hviður 21 m/sek.

Þegar farið var frá bryggju kom mjög sterk vindhviða sem feykta skutnum að bryggjunni. Stjórnborðs skuthornið lenti á milli fríholta og varð af því nokkuð högg. Þegar komið var í hafnarmynnið fékk skipstjóri upplýsingar um að sjór fossaði inn í skutinn. Hann beygði því til að fara að bryggju en þá fór allt rafmagn af skipinu og vélin stöðvaðist. Skipstjóri lét gera akkeri klárt og var það látið falla.

Skipstjóri kallaði eftir aðstoð dráttarbáts og var legið við akkerið þar til hún barst og skipinu var komið að bryggju. Í ljós kom rifa á stjórnborðsskuthorni skipsins.

Við rannsókn kom fram:

- að keyrt var í springinn til að fá skutinn frá bryggjunni og þegar bakkað var frá henni skall vindhviða á skipið og feykta skut þess að bryggjunni;
- að þegar skipstjórinn fékk upplýsingar um að sjór kæmi inn í skipið beygði hann skipinu til stjórnborða aftur inn að bryggjunni. Lagðist skipið þá yfir til bakborða og kom þá gatið á stjórnborðshorni upp úr og sjór hætti að renna inn í skipið. Vélstjóri ræsti ljósavél og náði að dæla olíu og kjölfestu yfir til bakborða til að halda bakborðsslagsíðu áður en rafmagn sló aftur út;
- að sögn skipstjóra kom 110 sm löng lóðrétt rifa á stjórnborðsskuthorn þar sem rafsúða hafði rifnað. Rafsúðan hafði ekki náð festu í plötum súðarinnar og gaflsins heldur molnað án þess að efni plötunnar rifnaði;
- að samkvæmt upplýsingum flokkunarfélags skipsins uppfyllti skipið og hönnun þess allar kröfur.

Nefndarálit:

Orsök óhappsins var sterk vindhviða sem feykta skipinu í bryggjuna.